

# Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (EB reglugerð 1907/2006 REACH)

## 1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni:	<b>MoS2 Ryðleysir XXL 600 ml</b>		
Vörunúmer:	<b>LM2993</b>		
1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:	Viðeigandi notkun Ryðleysir. Notkun sem ráðið er frá Engar upplýsingar fyrirbyggjandi.		
1.3 Söluaðili:	<b>Stilling ehf</b> Kletthálsi 5 110 Reykjavík	<b>Framleiðandi:</b>	LIQUI MOLY GmbH Jerg-Wieland Strasse 4 D-89081 Ulm-Lehr Þýskaland
Sími:	5208000		00-49-731-1420-0
Netfang:	<a href="mailto:stilling@stilling.is">stilling@stilling.is</a>		<a href="mailto:info@liqui-moly.de">info@liqui-moly.de</a>
Veffang:	<a href="http://www.stilling.is">www.stilling.is</a>		<a href="http://www.liqui-moly.de">www.liqui-moly.de</a>
1.4 Neyðarsímanúmer:	Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.		

## 2. Hættugreining

### 2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

H222	Afar eldfimt úðæfni	Eldf.úðæfni 1
H229	Þrýstihylki: Getur sprungið við upphitun	Úðabr.1
H304	Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg	Eit.v.ásvelg.1

### 2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættumerki:



Viðvörðunarorð:

**HÆTTA**

Hættusetningar

H222	Afar eldfimt úðæfni
H229	Þrýstihylki: Getur sprungið við upphitun

Varnaðarsetningar

P102	Geymist þar sem börn ná ekki til
P210	Haldið frá hitagjöfum, neistagjöfum, opnum eldi og heitum flötum. - Reykingar bannaðar.
P211	Má ekki úða á opinn eld eða annan hita- og neistagjafa.
P251	Þrýstihylki: Ekki má gata eða brenna hylki jafnvel þótt þau séu tóm.
P410+P412	Hlífið við sólarljósi. Hlífið við hærri hita en 50 °C.
P501	Fargið innihaldi/íláti hjá viðurkenndri spilliefnamóttöku.
EUH066	Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð

Inniheldur:

Vetniskolefni, C10-C13, n-alkanar, ísóalkanar, hringsambönd, arómatar (&lt;2%)

Sprengihætta við upphitun. Getur myndað sprengifimar blöndur með lofti, sé loftræsting ófullnægjandi.

Reglugerð 300/2014:

30% og yfir alifatísk vetniskolefni

- 2.3 **Aðrar hættur:** Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB.  
*Sjá einnig 11. og 15. lið.* (**PBT:** Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. **vPvB:** Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).

### 3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 **Efni:** Á ekki við

3.2 **Blöndur:**

Vetniskolefni, C10-C13, n-alkanar, ísóalkanar, hringsambönd, arómatar (<2%)			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119457273-39	Innihald %	50 - 60
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	918-481-9	H-setningar	-
CAS	64742-48-9	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eit.v.ásvelg.1 - H304			

2-bútoxýetanól			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	1 - 5
Raðnúmer	603-014-00-0	Varnaðarmerki:	Xi, Xn
EINECS, ELINECS	203-905-0	H-setningar	H20/21/22, H36/38
CAS	111-76-2	Flokkun, hættumerking	Ertandi, Hættulegt heilsu
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Bráð eit.4 - H302, Bráð eit.4 - H312, Húðert.2 - H315, Augnert.2 - H319, Bráð eit.4 - H332			

Koldíoxíð			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	1 - 5
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	204-696-9	H-setningar	-
CAS	124-38-9	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
-			

*Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið. Takmörkunarfæribreytur í 8. lið.*

### 4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi:

<b>Almennt</b>	Kannið öndun og önnur einkenni á hinum slasaða. Tryggið að öndunarvegur sé opin. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum og undir eftirliti. Leitið lækni/bráðamóttöku, ef vafi er um ástand hins slasaða. Við meðvitundarleysi skal leggja í læsta hliðarlegu og leita lækni.
<b>Innöndun</b>	Tryggið ferskt loft. Leitið lækni ef einkenni hverfa ekki fljótt. Meðhöndlun eftir einkennum.
<b>Snerting við húð</b>	Hreinsið húð strax vandlega með sápu og miklu vatni. Fjarlægjið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið lækni verði vart við ertingu.
<b>Snerting við augu</b>	Skolið varlega með miklu vatni og haldið augum vel opnum. Fjarlægjið augnlinsur fyrir skolun. Leitið lækni verði vart við einkenni.
<b>Inntaka</b>	Framkallið ekki uppköst. Leitið strax lækni. Sýnið öryggisblaðið. Ásvelgingarhætta. Við uppköst skal halda höfði lágt þannig að efnið berist ekki í lungu.

4.2 **Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:**

Sjá lýsingu í lið 11. Birtingu einkenna getur seinkað um allmargar klukkustundir.

4.3 **Upplýsingar um tafarlausa lækniúmmönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:**

Upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi.

### 5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 **Slökkvibúnaður:**

<b>Hentugur slökkvibúnaður:</b>	Koldíoxíð, slökkviduft, froða, vatnsúði. Kælið umbúðir með vatnsúða.
<b>Öhentugur slökkvibúnaður:</b>	Beinn vatnsgeisli.

5.2 **Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:**

Við bruna geta myndast: kolmónoxíð, koldíoxíð, eitruð niðurbrotsefni, eld- og sprengifimar blöndur með lofti. Sprengihætta við upphitun  
Gufa er þyngri en loft og getur borist með gólfi að íkveikjuvöldum.

### 5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Forðist innöndun gufu og reyks við bruna. Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað við mikinn eldsvoða. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6.lið og fargið skv.13.lið.

## 6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

### 6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Rýmið mengað svæði. Fjarlægjið alla hita- eld- og neistagjafa. Reykið ekki. Gufa er þyngrri en loft, forðist lágt liggjandi rými, svo sem kjallara.

### 6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka sé það unnt án áhættu. Forðist losun í niðurföll, jarðveg og vatnsumhverfi. Tilkynnið Umhverfisstofnun um mengunarslys.

### 6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Við losun gufu skal tryggja góða loftræstingu. Gerið varnargarða og notið óbrennanleg ísogsefni svo sem sand, kísilgúr eða jarðveg. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið.

### 6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá liði 8. og 13.

## 7. Meðhöndlun og geymsla

### 7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun, inntöku og snertingu við húð og augu. Reykið ekki. Fjarlægjið eld- og neistagjafa. Forðist hátt hitastig og myndun stöðurafragns. Úðið ekki á heita fleti. Losið ekki í niðurföll. Fylgið notkunarleiddbeiningum.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt. Hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Notið viðeigandi persónuhlífar, öndunarbúnað, hanska/klæðnað, augn- og andlitshlífar.

### 7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum og eldvörðum stað. Gufa er þyngrri en loft og getur legið með gólfi. Forðist hátt hitastig (>50°C), beint sólarljós, opinn eld og aðra íkveikjuvalda og stöðurafragn.

### 7.3 Sértek, endanleg notkun:

Sjá lið 1.2

## 8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

### 8.1 Takmörkunarfærifreytur:

Efni:	8 klst ppm	8 klst mg/m3	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m3	Annað
Vetniskolefni, C10-C13, n-alkanar, ísóalkanar, hringsambönd, arómatar (<2%)	100	525			WEL
2-Bútoxýetanól	10	49	20	98	WEL
Koldíoxíð	5000	9100	15000	27400	WEL

WEL = Work Exposure Limit - Langtíamörk váhrifa (8 klst/dag).

2-Bútoxýetanól					
Notkunarsvið vöru	Snertileið	Lýsing áhrifa	Mæliaðferð	Gildi	Eining
Atvinnutengt	Fólk, ísog um húð	Skammtíma	DNEL	89	mg/kg/likamsþ/d
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Skammtíma	DNEL	663	mg/m3
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Skammtíma staðbundin	DNEL	246	mg/m3
Atvinnutengt	Fólk, ísog um húð	Langtíma	DNEL	75	mg/kg/likamsþ/d
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	98	mg/m3
Neytendatengt	Fólk, ísog um húð	Skammtíma	DNEL	44,5	mg/kg/likamsþ/d
Neytendatengt	Fólk, innöndun	Skammtíma	DNEL	426	mg/m3
Neytendatengt	Fólk, inntaka	Skammtíma	DNEL	13,4	mg/kg/likamsþ/d

2-Bútoxýetanól					
Neytendatengt	Fólk, innöndun	Skammtíma staðbundið	DNEL	123	mg/kg
Neytendatengt	Fólk, ísog um húð	Langtíma	DNEL	38	mg/kg/líkamsþ/d
Neytendatengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	49	mg/m <sup>3</sup>
Neytendatengt	Fólk, inntaka	Langtíma	DNEL	3,2	mg/kg/líkamsþ/d
	Umhverfi, sjór		PNEC	8,8	mg/l
	Umhverfi, ferskvatn		PNEC	8,8	mg/l
	Umhverfi, ferskvatn set		PNEC	8,14	mg/kg
	Umhverfi, jarðvegur		PNEC	2,8	mg/kg

## 8.2 Váhrifavarnir:

### Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum.

Hreinsið húð vandlega (andlit, hendur, handarkrika) eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskól og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörinni fjarri matvörum.

### Persónuhlífar

#### Aughlífar

Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn. (EN166)

#### Húð - hendur

Notið efnaþolna hlífðarhanska úr nitrílgúmmíi. (EN374, >=0,4mm, gegnstreymistími >480 mín.). Notið verndarkrem á hendur.

#### Húð - annað

#### Öndunarfæri

Athugið leiðbeiningar framleiðanda og gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska.

Mælt er með notkun langerma vinnufatnaðar og öryggiskófatnaðar. (EN20345).

Sé loftræsting ófullnægjandi, notið viðurkennda öndunargrímu með siugerð A P2.

Litarkódi brúnn (EN14387). Við háan styrk ætti að nota sjálfstæðan öndunarbúnað (EN137, EN138).

Athugið takmörk á notkunartíma búnaðar.

## 9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

### 9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Vökvi (aerosol)
Lykt:	Einkennandi
Litur:	Litlaus
Eðlismassi við 20°C:	0,858 g/cm <sup>3</sup>
Leysanleiki í vatni:	Óleysanlegt
Sprengifimi:	Varan er ekki sprengifim
Oxandi eiginleikar:	Nei

### 9.2 Aðrar upplýsingar:

## 10. Stöðugleiki og hvarfgirni

### 10.1 Hvarfgirni:

Varan hefur ekki verið prófuð.

### 10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

### 10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Möguleg uppsöfnun eld- og sprengifimrar gufu.

### 10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Hátt hitastig, opinn eldur, stöðurafmagn og aðrir íkveikjuvaldar. Sprengihætta við upphitun.

### 10.5 Ósamrýmanleg efni:

Sterkir oxarar.

### 10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Við bruna geta myndast eitradar gufur, reykur, kolmónoxíð og koldíoxíð.

## 11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

### 11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

MoS2 Ryðleysir XXL 600 ml					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturhrif, inntaka	ATE	>2000	mg/kg		reiknuð stærð
Bráð eiturhrif, ísog um húð	ATE	>2000	mg/kg		reiknuð stærð
Bráð eiturhrif, innöndun	ATE	>20	mg/l/4 klst		reiknuð stærð (gufa)
Bráð eiturhrif, innöndun	ATE	>5	mg/l/4 klst		reiknuð stærð (úði)

Vetniskolefni, C10-C13, n-alkanar, ísóalkanar, hring sambönd, arómatar (<2%)					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturhrif, inntaka	LD <sub>50</sub>	>5000	mg/kg	rotta	OECD 401
Bráð eiturhrif, ísog um húð	LD <sub>50</sub>	>2000	mg/kg	kanína	OECD 402
Bráð eiturhrif, innöndun	LC <sub>50</sub>	>5000	mg/l/4klst	rotta	OECD 403
Húðæting/erting		Neikvætt. Endurtekin snerting getur valdið þurri og sprunginni húð			OECD 404
Alvarlegur augnskaði		Neikvætt			OECD 405
Næming, húð eða öndunarfæri		Neikvætt			OECD 406
Stökkbreytingar kímfruma		Neikvætt			OECD 471
Krabbamein		Neikvætt			OECD 453
Eiturhrif á æxlunarfæri		Neikvætt			OECD 414
Sértæk eiturhrif á marklíffæri (VES)		Neikvætt			
Ásvelgingarhætta		Já			
Helstu einkenni	Sljóleiki, meðvitundarleysi, höfuðverkur, svimi.				

2-Bútoxýetanól					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturhrif, inntaka	LD <sub>50</sub>	1746	mg/kg	rotta	
Bráð eiturhrif, ísog um húð	LD <sub>50</sub>	>2000	mg/kg	hamstur	OECD 402
Bráð eiturhrif, innöndun	LC <sub>50</sub>	feb.20	mg/l/4 klst	rotta	
Húðæting/erting		Ertandi, affitar		kanína	
Alvarlegur augnskaði		Afar ertandi, hætta á alvarlegum augnskaða		kanína	
Næming, húð eða öndunarfæri		Neikvætt		hamstur	
Einkenni	Súmun líkamsvessa, öndunartefiðleikar, svimi, meðvitundarleysi, geðsveiflur, hósti, meltingartruflanir, svefnleysi, erting í slímhúðum.				

Koldíoxíð					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Helstu einkenni	Meðvitundarleysi, blóðrmyndun í snertingu við húð, uppköst, kal, pírringur, kláði, höfuðverkur, krampi, eyrnasuð, svimi.				

## 12. Vistfræðilegar upplýsingar

### 12.1 Eiturhrif:

MoS2 Ryðleysir XXL 600 ml					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Þrávirkni og niðurbrot	Yfirborðsvirku efni í þessari vöru, uppfylla viðmið um niðurbrot í lífverum, eins og þau koma fram í reglugerð EB um hreinsiefni, nr. 648/2004. Niðurstöður sem styðja þessa fullyrðingu, eru aðgengilegar viðkomandi yfirvöldum, óski þau þess, eða óski hreinsiefnaframleiðandi þess.				
Annað	Engin AOX efni (lífræn halógensambönd sem aðsogast)				

Vetniskolefni, C10-C13, n-alkanar, ísóalkanar, hring sambönd, arómatar (<2%)					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturhrif	LC <sub>50</sub>	>1000 mg/l	96 klst	Fiskar	OECD 203
Eiturhrif	EC <sub>50</sub>	>1000 mg/l	48 klst	Daphnia	OECD 202
Eiturhrif	NOELR	1000 mg/l	72 klst	Þörungar	OECD 201
Þrávirkni og niðurbrot		80%	28 d		OECD 301 F
Uppsöfnun í lífverum	LogPow	5,5-7,2			
Dreifanleiki í jarðvegi	LogKoc	>3			
Mat á PBT / vPvB					Flokkast ekki sem slíkt
Leysanleiki í vatni	Óleysanlegt, flýtur á vatnsyfirborði				

2-Bútoxýetanól					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturhrif	LC <sub>50</sub>	1474 mg/l	96 klst	Fiskar	OECD 201
Eiturhrif	EC <sub>50</sub>	1550 mg/l	48 klst	Daphnia	OECD 202
Eiturhrif	EC <sub>0</sub>	900 mg/l	7 d	Þörungar	
Þrávirkni og niðurbrot		95%	28 d		OECD 301 E
Uppsöfnun í lífverum	LogPow	0,83			
Dreifanleiki í jarðvegi	H (Henry)	0,000016	atm m <sup>3</sup> /mól		
Mat á PBT / vPvB					Flokkast ekki sem slíkt
Eiturhrif á gerla	EC <sub>0</sub>	>700 mg/l	16 klst	Pseudomonas	
Leysanleiki í vatni		Leysanlegt			

Koldíoxíð					
Eiturhrif	LC <sub>50</sub>	35 mg/l	96 klst	Fiskar	
Annað				Gróðurhúsaáhrif	

## 13. Förgun

### 13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

#### Vara

Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir sem best.

Skv. reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang er varan í eftirfarandi flokkum:  
16 05 04 (gaskennd efni í þrýstihylkjum (þar með talin halón) sem innihalda hættuleg efni)

#### Óhreinar umbúðir

Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa.

## 14. Upplýsingar um flutninga

#### ADR:

UN Númer 1950  
Efnisheiti v. flutninga: AEROSOLS  
Hættuflokkur: 2.1  
Pökkunarflokkur: -  
Hættuundirflokkur: 5F  
Jarðgangaflokkun: D  
Mengunarhætta: Nei

#### Varúðarmerking



#### IMDG:

UN Númer 1950  
Efnisheiti v. flutninga: AEROSOLS  
Hættuflokkur: 2.1  
EmS: F-D, S-U  
Pökkunarflokkur: -  
Mengunarhætta: Nei



#### IATA:

UN Númer 1950  
Efnisheiti v. flutninga: AEROSOLS, FLAMMABLE  
Hættuflokkur: 2.1  
Pökkunarflokkur: -



## 15. Upplýsingar varðandi regluverk

### 15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP).  
VOC (EB 2010/75) 58%

### 15.2 Efnaöryggismat:

Efnaöryggismat hefur ekki farið fram.

## 16. Aðrar upplýsingar

### Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H302	Hættulegt við inntöku
H304	Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg
H312	Hættulegt í snertingu við húð
H315	Veldur húðertingu
H319	Veldur alvarlegri augnertingu
H332	Hættulegt við innöndun

Útgáfa/Dags: 1/03.06.2017

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.

Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.

Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild:

**LIQUI-MOLY GMBH**

**SAFETY DATA SHEET according to Regulation (EC) No 1907/2006, Annex II**

**1613 MoS<sub>2</sub> ROSTLOESER XXL 600ML**

Útgáfa:

18.05.2016 Útgáfa 0017

Kemur í stað:

05.04.2016 Útgáfa 0016